



# Talnabrunnur

## Fréttabréf landlæknis um heilbrigðisupplýsingar

Embætti landlæknis

## Nýtt mælaborð um notkun ADHD lyfja

Á vef embættis landlæknis eru nú aðgengilegar í mælaborði **tölulegar upplýsingar um notkun ADHD lyfja á Íslandi**. Mælaborðið byggir á gögnum úr lyfjagagnagrunni embættis landlæknis sem inniheldur nánast fullþekjandi rauntímaupplýsingar um allar afgreiðslur lyfjaávisunarskyldra lyfja sem notuð eru utan sjúkrahúsa. Gögn í lyfjagagnagrunni eiga uppruna sinn hjá ávísandi heilbrigðisstarfsmanni (lyfjaávisanir) og lyfjabúðum (lyfjaafgreiðslur).

Gögnin í mælaborðinu ná yfir ATC flokk N06BA sem eru adrenvirk lyf með verkun á miðtaugakerfið. Í þessum flokki eru lyfin Attentin, Concerta, Elvanse, Medikinet, Aspendos/Modiodal, Ritalin og Strattera, sem og ýmis samheitalyf. Einnig ná gögnin yfir ATC flokk C02AC02 sem er gúanfasín sem er markaðssett hér á landi undir heitinu Intuniv.


Í mælaborðinu eru annars vegar upplýsingar um afgreitt magn, þar sem notast er við mælieininguna DDD á hverja

1.000 íbúa á dag, sem er grundvöllur fyrir samanburði á lyfjanotkun milli lyfjahópa og landsvæða. Þá inniheldur mælaborðið einnig upplýsingar um fjölda einstaklinga á hverja 1.000 íbúa sem fær afgreidd lyf í þessum ATC flokkum.

Skilgreindur dagskammtur (e. Defined Daily Dose/DDD) er meðalmeðferðarskammtur á dag fyrir tiltekið lyf, sem skilgreindur er í markaðsleyfi lyfs eða samkvæmt skilgreiningu sem WHO gefur út.

Reiknaðar tölur miða alla jafna við meðalmannfjölda hvers árs, fyrir utan nýjustu tölur sem miða við upphafsmannfjölda ársins á undan þar til upplýsingar um mannfjölda í upphafi nýjasta árs liggja fyrir. Reiknaðar tölur geta því tekið breytingum.

Tölur í mælaborðinu eru gagnvirkar, þ.e. þær breytast til samræmis við það sem valið er í fyrirfram gefnum síum (kyn, aldursflokkar, heilbrigðisumdæmi, ársfjórðungar og lyfjaheiti). Hægt er að velja fleiri en eina síu með því að halda niðri CTRL takka um leið og sía er valin. Einnig er gagnvirknin stillt þannig að ef tiltekið val skilar færri en fimm einstaklingum eru þær tilteknu upplýsingar ekki birtar í töflum og gröfum.



Mynd 1. Forsíða mælaborðs um notkun ADHD lyfja á Íslandi sem er aðgengilegt á vef embættis landlæknis.

# Notkun ADHD lyfja hjá fullorðnum og börnum 2012-2023

Í ljósi mikillar aukningar í notkun ADHD lyfja á Íslandi hefur embætti landlæknis á síðastliðnum árum tekið saman tölulegar upplýsingar um fjölda einstaklinga sem fær afgreidd þessi lyf sem og afgreitt magn. Gerð hefur verið grein fyrir niðurstöðunum í Talnabrunni.

**Fyrri úttektir** embættis landlæknis á notkun ADHD lyfja á Íslandi hafa sýnt að notkunin hefur aukist mikið undanfarinn áratug. Þau lyf sem mest eru notuð við þessari taugaþroskaröskun innihalda metýlfenidat sem er í flokki adrenergískra lyfja sem verka á miðtaugakerfið (ATC flokkur N06BA).


Upplýsingar um lyfjaávisanir og afgreiðslur byggja á gögnum úr **lyfjagagnagrunni** embættis landlæknis sem inniheldur upplýsingar um allar afgreiðslur lyfjaávisana. Til einföldunar er með „notkun“ átt við það sem afgreitt er í lyfjabúðum.

Árið 2023 nam notkun ADHD lyfja tæplega 64 skilgreindum dagskömmtum á hverja 1.000 íbúa á dag (DDD/1.000 íbúa/dag) samanborið við 57 dagskammta árið 2022. Það samsvarar 11,6% aukningu á milli ára sem er svipuð aukning og milli 2021 og 2022.

Talsverð breyting hefur orðið á notkunarmynstri lyfja í flokki adrenergískra lyfja á undanförunum fjórum árum. Sem fyrr er metýlfenidat mest notaða lyfið í þessum flokki eða um 63% af því heildarmagni (DDD/1.000 íbúa/dag) sem notað er. Hlutfall

lisdexamfetamíns af heildarmagni afgreiddra lyfja í flokki adrenergískra lyfja hefur farið ört vaxandi frá því að það kom á markað árið 2017 og er nú 32% af heildarmagni afgreiddra lyfja í þessum flokki. Á milli árunna 2022 og 2023 jókst notkun lisdexamfetamíns um 27%, þrátt fyrir að skortur hafi verið á lyfinu síðari hluta árs 2023. Notkun annarra lyfja í þessum flokki er mun minni (mynd 1). Árið 2020 kom á markað lyfið Intuniv sem inniheldur gúanfásín, tilheyrir ATC flokki C02A og er ekki örvandi lyf. Intuniv er ætlað til meðferðar við ADHD hjá börnum þegar örvandi lyf henta ekki, þólast ekki eða ef sýnt hefur verið fram á að meðferð með þeim beri ekki árangur. Notkun Intuniv héraðs er enn sem komið er lítil eða um 0,4 DDD á hverja 1.000 íbúa á dag.


Umtalsverður munur er á hvaða lyf verður fyrir valinu eftir því hvort börn eða fullorðnir eiga í hlut. Þannig var metýlfenidat stærsti hluti (83%) ADHD lyfja sem ávísað var til barna árið 2023. Til samanburðar var metýlfenidat 58% af því heildarmagni sem ávísað var til fullorðinna. Þá var lisdexamfetamín 12% af ávísuðu heildarmagni til barna en 37% af ávísuðu heildarmagni til fullorðinna.



Mynd 1. Notkun adrenergískra lyfja sem verka á miðtaugakerfið (DDD/1.000 íbúa/dag) [ATC flokkur N06BA] greind eftir undirlyfjaflokkum, 2013 – 2023.


## Hlutfallsleg breyting á afgreiddu magni ADHD lyfja á milli ára

Hlutfallsleg breyting á afgreiddu magni ADHD lyfja á milli ára 2022 og 2023 var svipuð því sem sást á milli 2021 og 2022. Hjá börnum var hlutfallsleg aukning um 6,2% og hjá fullorðnum var samsvarandi aukning um 13% (mynd 2). Frá árinu 2014 hefur notkun ADHD lyfja aukist um að meðaltali 9% á ári hjá börnum og um rúmlega 15% á ári hjá fullorðnum. Undanskilin frá meðaltalsútreikningi er neikvæð hlutfallsleg breyting milli ára 2017 og 2018 sem að öllum líkindum skýrist af breytingu á reglugerð um lyfjaávisanir og afhendingu lyfja nr. 1266/2017.



Mynd 2. Hlutfallsleg breyting á afgreiddu magni af adrenvirkum lyfjum sem verka á miðtaugakerfið [ATC flokkur N06BA] á milli ára hjá börnum (<18 ára) og fullorðnum (≥18 ára), 2013-2023.


Á árinu 2023 fengu alls 22.878 einstaklingar afgreidd ADHD lyf, þar af 7.239 börn (<18 ára) og 15.639 fullorðnir. Þetta samsvarar því að 59 af hverjum 1.000 íbúum hafi fengið slíkum lyfjum ávísað árið 2023, sem er um 9% aukning frá árinu áður þegar rúmlega 54 af hverjum 1.000 íbúum var ávísað lyfjum í þessum flokki. Hlutfall þeirra sem var ávísað ADHD lyfjum var mun hærra hjá börnum en fullorðnum eða 85 af hverjum 1.000 börnum saman-borið við 52 af hverjum 1.000 fullorðnum (mynd 3).



Mynd 3. Heildarfjöldi einstaklinga, barna (<18 ára) og fullorðinna (≥18 ára), af hverjum 1.000 í undirliggjandi þýði sem fékk afgreidda a.m.k. eina ávísun af ADHD lyfjum [ATC flokkur N06BA og CO2AC02], 2013 – 2023.


## Notkun ADHD lyfja er algengari á meðal fullorðinna kvenna en karla

Karlar hafa í gegnum tíðina verið meirihluti notenda ADHD lyfja. Á árinu 2023 brá hins vegar svo við að konur notuðu í fyrsta sinn ADHD lyf til jafns á við karla þegar 11.040 konur fengu slíkum lyfjum ávísað á móti 11.806 körlum (59 af hverjum 1.000 íbúum) (mynd 4).



**Mynd 4.** Heildarfjöldi af hverjum 1.000 í undirliggjandi þýði sem fékk afgreidda a.m.k. eina ávísun af ADHD lyfjum [ATC flokkur N06BA og C02AC02], 2013 – 2023, greint eftir karlkyni og kvenkyni.


Þessi þróun skýrist að mestu af aukinni notkun ADHD lyfja hjá fullorðnum konum ( $\geq 18$  ára) sem hafa á síðastliðnum fimm árum verið meirihluti fullorðinna notenda. Árið 2023 fengu 8.293 konur ávísað ADHD lyfjum á móti 7.320 körlum (56 af hverjum 1.000 konum á móti 47 af hverjum 1.000 körlum). Notkun ADHD lyfja er algengari meðal drengja en stúlkna ( $< 18$  ára). Árið 2023 fengu 4.486 drengir (103 af hverjum 1.000 drengjum) ávísað ADHD lyfjum en 2.747 stúlkur (67 af hverjum 1.000 stúlkum). Á bóginn hefur hlutfallsleg aukning í notkun ADHD lyfja verið meiri hjá stúlkum en drengjum og er hlutfallið nú þrjú drengir á móti hverjum tveimur stúlkum.




**Mynd 5.** Heildarfjöldi drengja / stúlkna ( $< 18$  ára) og karla / kvenna ( $\geq 18$  ára) af hverjum 1.000 í undirliggjandi þýði sem fékk afgreidda a.m.k. eina ávísun af ADHD lyfjum [ATC flokkur N06BA og C02AC02], 2013–2023.

## Notkun ADHD lyfja á Íslandi í samanburði við önnur lönd

Á mynd 6 má sjá samanburð á sölu örvandi lyfja á Norðurlöndunum. Notkun lyfja við ADHD hefur í gegnum tíðina verið umtalsvert meiri á Íslandi en á hinum Norður-löndunum. Á árinu 2023 var notkunin á Íslandi ríflega tvöfalt meiri en í Færeyjum þar sem hún var næst mest. Greina má aukningu í notkun ADHD lyfja á öllum Norðurlöndunum frá árinu 2016 og svo virðist sem aukningin sé mest á árunum 2021 og 2022 (mynd 6). Svipað mynstur má sjá í öðrum Evrópulöndum; fram til ársins 2020 jókst notkun ADHD lyfja að jafnaði um 5% á ári. Á árunum 2021 og 2022 var hlutfallsleg aukning hins vegar mun meiri eða á bilinu 13% til 15% (mynd 7).



Mynd 6. Heildarfjöldi einstaklinga af hverjum 1.000 sem fékk afgreidda a.m.k. eina ávísun af adrenvirkum lyfjum sem virka á miðtaugakerfið [ATC flokkur N06BA], 2016-2022. Uppruni gagna: [www.nhwstat.org](http://www.nhwstat.org)



Mynd 7. Heildarmagn (DDD/1.000 íbúa/dag) af lyfjum í ATC flokk N06B sem notað var í Evrópu greint eftir ársfjórðungum, 2014-2022. Uppruni myndar: Gimbach, S., Vogel, D., Fried, R. et al. ADHD medicine consumption in Europe after COVID-19: catch-up or trend change? *BMC Psychiatry* 24, 112 (2024).

## Að lokum

Enn fjölga þeim sem fengu afgreidd ADHD lyf. Konur eru nú meirihluti fullorðinna notenda en drengir eru enn í meirihluta þegar kemur að notkun þessara lyfja hjá börnum. Frá árinu 2021 hefur hlutfallsleg aukning milli ára verið í kringum 13% sem er lægra en á árunum þar á undan. Líkleg skýring er ófullnægjandi aðgengi að geðlæknum sem sinna ADHD greiningum, sem aftur hefur leitt til fjölgunar á biðlistum en jafnframt hlýtur að koma að því að hægi á greiningum og jafnvægi komist á. Embætti landlæknis vekur athygli á að gefnar hafa verið út **Leiðbeiningar um vinnulag við greiningu og meðferð ADHD**.

Védís Helga Eiríksdóttir

Arnar Sigbjörnsson

Efni	Bls.	Ritstjórn	Embætti landlæknis
Nýtt mælaborð um ADHD lyfjanotkun	1	Védís Helga Eiríksdóttir, ritstjóri Sigríður Haralds Elinardóttir, ábm. Hildur Björk Sigbjörnsdóttir	Katrínartúni 2 105 Reykjavík S. 510 1900 mottaka@landlaeknir.is www.landlaeknir.is
Notkun ADHD lyfja hjá fullorðnum og börnum 2012-2023	2		